Sþ. **193. Tillaga til þingsályktunar**

um brú yfir Skjálfandafljót í Bárðardal.

Flm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta brúa Skjálfandafljót í Bárðardal, jafnskjótt og unnt verður að byrja að brúa stór fallvötn, er völ verður á útlendu efni og innlendu starfsliði.

Greinargerð.

Brúalögin mæla svo fyrir, að brú skuli gera yfir Skjálfandafljót í Bárðardal hjá Stóruvöllum. Hafa þeir vegamálastjóri og Árni Pálsson verkfræðingur báðir athugað brúarstæðið og gert athuganir á staðháttum eftir því, sem með þarf. Brúin verður alllöng, en annars engum erfiðleikum bundið að reisa hana.

Bárðardalur er ein af blómlegustu og beztu sveitum landsins. En byggðinni er skipt í tvennt með Skjálfandafljóti. Veldur það miklum erfiðleikum í daglegu lífi sveitarbúa, bæði um atvinnu, mannfundi, læknis- og ljósmóðursókn o. s. frv. Bárðardalur er einhver lengsti byggði dalur á landinu, alllangt milli bæja, en Bárðdælingar hafa verið í röð fremstu byggða á landinu um nýbýlamyndun og jarðrækt. Er mörgum jörðum í dalnum nú skipt í tvö, þrjú eða jafnvel fjögur býli. Venjulega skipta fjölskyldurnar jörðunum, og oft án þess að fá til þess nokkurn verulegan stuðning af hálfu þjóðfélagsins. Á margan annan hátt gætir dugnaðar og manndóms af hálfu dalbúa. Þeir hafa komið sér upp einhverjum bezta fjárstofni, sem til er á landinu, byggt varanleg steinhús á flestum jörðum sínum, rafstöðvar eru á mörgum bæjum og sími á hverju heimili í hreppnum. Slík sveit, hvar sem hún er á landinu, er dýrmætur útvörður fyrir menningu þjóðarinnar. Fólk hefur hvarvetna í heiminum hneigð til að sækjast eftir þéttbýli. Hinu íslenzka þjóðfélagi ber skylda til að halda áfram brúargerðum yfir hin erfiðu fallvötn, til að þoka fólkinu í dreifbýlinu saman, eftir því sem ástæður leyfa.